

Fundargerð stjórnarfundar 29.09.08 kl 20:00

Mættar: Hrafnhildur Harpa, Ragnheiður Þóra, Petra Rós, Sigurbjörg, Sólný og Rannveig.

1. Útivistardagur. Var settur á skóladagatal laugardaginn 4. október en við þurfum að færa hann til laugardagsins 11. október n.k. Ákveðið að hafa allskonar frjálsan leik frá kl. 11 - 13. Foreldrafélagið býður upp á heitt kakó, kleinur og kex. Petra Rós tekur að sér að útbúa auglýsingar á töskur krakkana og Harpa sér um að hafa samband við Magneu til að koma þessu á heimalestrarskrár í skólanum.
2. Auglýsa fund fyrir Íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Grindavíkurbæjar. Hafði Kristinn Reimarsson samband og bað okkur um að auglýsa fyrir sig fund innan skólans varðandi niðurstöður úr könnun sem hefur verið gerð um líðan barna og unglinga í Grindavíkurbæ. Samþykkt og einnig ætlum við stjórnin að mæta á fundinn.
3. Sigurbjörg kom með athugasemd frá kennara varðandi loftræstikerfi í skólastofur en hitinn þar getur orðið óbærilegur á vissum árstímum. Kennarar hafa verið að reyna að koma þessu máli að en ekki gengið vel. Ákveðið að útbúa bréf til bæjaryfirvalda um þessi mál.
4. Fastur fundartími stjórnar. Ákveðið að hafa fastan fundartíma fyrsta mánudag í mánuði kl 20:00.
5. Aðalfundur FGG. Verður haldinn þriðjudaginn 11. nóvember. Vantar fyrirlesara og kom Sólný með hugmynd sem hún ætlar að athuga með. Svo þarf að huga að hverjar ætla út úr stjórninni og vera búnar að fá tillögur að nýjum meðlimum fyrir aðalfundinn.
6. Fulltrúaráð. Vantar fulltrúa frá Grindavík þangað og ætlar Harpa að hafa samband við aðila sem okkur datt í hug að hefði áhuga.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 21:40

Petra Rós ritari, ritaði fundinn